**Samráðsgátt stjórnvalda**

Matvælaráðuneytið

*Umsögn frá LS við drög að frumvarpi til laga um sjávarútveg og drög að þingsályktun um sjávarútvegsstefnu. Mál nr. 245/2023.*

Reykjavík 17. janúar 2024

Landssamband smábátaeigenda – LS – mótmælir því harðlega að steypt skuli saman í einn lagabálk:

- L 116/2006 stjórn fiskveiða
- L 76/1997 veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands

Á fundum samstarfsnefndar „Auðlindarinnar okkar“ voru slíkar hugmyndir ekki ræddar. LS bendir á að svo mikil breyting kallar á nákvæma greiningu í frumvarpinu um breytingar sem gerðar eru. Ásamt drögum að reglugerðum sem boðaðar eru, þar sem þeim er ætlað að koma í stað lögbundinna þátta í lögum 76/1997 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Það eru Landssambandi smábátaeigenda (LS) mikil vonbrigði að ekki hafi verið tekið tillit til umsagna félagsins í samningu á frumvarpsdrögum matvælaráðherra.

1. 27. febrúar 2023 um tillögur til bráðabirgða frá starfshópum verkefnisins Auðlindin okkar
2. 27. september um lokaniðurstöðu starfshópa Auðlindarinnar okkar.

Óhjákvæmilegt er að efni þeirra umsagna verði ítrekað og þar með reynt til þrautar að fá hljómgrunn hjá ráðherra sem starfshópar „Auðlindarinnar okkar“ urðu ekki við.


Landssamband smábátaeigenda telur um 800 félagsmenn. Á baki hverjum félagsmanni er bátur með veiðileyfi í atvinnuskyni sem veitir viðkomandi rétt til veiða og nýtingar á sameign íslensku þjóðarinnar; nytjastofnum á Íslandsmiðum.


Við lestur frumvarpsdraganna er það mat LS að þar sé ekkert að finna sem styrki útgerð smábáta. Að eftir allt það starf sem unnið hefur verið sé það niðurstaðan að sniðganga mikilvægi smábáta og minni skipa við vistvæna nýtingu auðlindarinnar. Jafnframt að loka öllum leiðum til að bæta við veiðiheimildir sínar með umgjörð þar sem samkeppni verður ekki háð á jafnréttisgrundvelli. Aðgengi að fé til kvótakaupa er gjörólíkt, einstaklingsútgerðir háðar lánum frá bönkum, en útgerðir á markaði fá fé frá almenningi án þess að þurfa að greiða af því vexti.

Auk þessa er lagt til í frumvarpsdrögunum að skerða og afnema í áföngum línuívilnun sem hefur verið bjargræði margra útgerða, samhliða sem byggðafestu hinna dreifðu byggða er ógnað.

**LS mótmælir harðlega öllum hugmyndum að fella niður línuívilnun**.

Með stækkun krókaflamarksbáta árið 2013 hófst mikil samþjöppun í veiðikerfinu og til urðu bátar að stærstu gerð með yfir þúsund tonna veiðiheimildir, dæmi um að aflinn á fiskveiðárinu hafi farið yfir tvö þúsund tonn. Við ákveðinn tonnafjölda er brot í afkomunni þannig að það er hagkvæmara að vera með beitningavél og sleppa línuívilnun. Það er helsta ástæða þess að færri njóta nú línuívilnunar, auk þess sem heimildir hafa verið skertar.




Því verður hins vegar ekki móti mælt að fyrir þær útgerðir sem nú njóta línuívilnar er mikilvægi hennar slík að hún snýr tapi hjá útgerð þessara báta í hagnað. Afleiðingar þess að afnema línuívilnun er að störf í landi við beitningu og uppstokkun hverfa, útgerðum krókaflamarksbáta fækkar og lífsskilyrðum einstakra byggða er ógnað.

Fram kemur í skýrslu „Auðlindarinnar okkar“ að 44% þeirra sem fengu línuívilnun voru ekki handhafar annarra heimilda úr 5,3% pottinum. Þeir myndu með afnámi línuívilnunar missa heimildir sem hún hefur gefið, verði ekki gerðar breytingar frumvarpsdrögunum.

Kostir línuívilnunar eru fjölmargir m.a.

- Línuívilnun krefst ekki flókna reglna um úthlutun. Heimildir koma sem ívilnun við löndun og virkjast því aðeins á þann afla sem landað er.
- Línuívilnun er eingöngu fyrir dagróðrabáta sem tryggir hágæða hráefni og hærra útflutningsverðmæti.
- Línuívilnun er nánast eingöngu sniðin að smábátum sem gerðir eru útaf einstaklingum, þar sem á bakvið standa fjölskyldur sem oft eru burðarásar í sínu samfélagi.
- Línuívilnun uppfyllir að öllu leiti markmið laga um stjórn fiskveiða „stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu nytjastofnanna og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu.
- Línan veiðir eingöngu fisk sem er í ætisleit og hlífir þannig hluta stofnsins.
- Línuívilnun jafnar mismun milli veiðarfæra. Óumdeilt er að röskun á lífríki á sér stað við trollveiðar og mismunur á veiddum afla og lönduðum vegna möskvasmugs sem ekki á sér stað við línuveiðar.
- Línuívilnun kemur til móts við kostnað í landi sem ekki fellur á önnur veiðarfæri.
- Línuívilnun kemur til móts við útgerðir sem hafa litlar veiðiheimildir, geta með henni fengið uppbót á aflamark.
- Með línuívilnun er stuðlað að jafnri nýtingu einstakra árganga fiskitegunda, velja ekki stærsta fiskinn.
- Línuívilnun viðheldur sérstöðu krókaaflamarksbáta og er ein forsenda fyrir veiðafæratakmörkunum.
- Línuveiðar bæta ímynd stjórnkerfis fiskveiða, innbyggt í kerfið ívilnun til umhverfisvænna veiða.

Öllum nefndum kostum er varpað fyrir róða verði línuívilnun afnumin. Línuívilnun er forsenda fyrir útgerð fjölmargra báta.

Að því sem hér hefur komið fram fá frumvarpsdrögin falleinkunn frá Landssambandi smábátaeigenda. Óhjákvæmilegt er því að gera umtalsverðar breytingar áður en frumvarpið verður lagt fyrir ríkisstjórn, þingflokka ríkisstjórnarinnar og Alþingi. Breytingar sem LS leggur til eru þessar:

## Aths. við einstakar greinar:

### Um 3. gr. *Orðskýringar*

tl. 23. *„Skaðlegar veiðar. Þegar veiði fer umfram þau viðmiðunarmörk sem ákveðin hafa verið á grunni vísindalegrar ráðgjafar um nýtingu hlutaðeigandi nytjastofns og/eða þegar veiðar eru ekki í samræmi við aðrar ákvarðanir um hagkvæma nýtingu nytjastofna eða veiðarfæri sem skaða sjávarbotn og smáfisk.“*

Það er skoðun LS að of margir og ólíkir þættir falli undir orðskýringuna. Tillaga LS er að greinin orðist svo:

*Skaðlegar veiðar: Veiðar þar sem veiðarfæri skaða botn og meirihluti afla sé undir viðmiðunarmörkum.*

tl. 30. *„Undirmálsafli: Smáfiskur sem telst að hálfu til aflamarks skips.*

Tillaga LS er að greinin orðist svo:
*„Undirmálsafli: Smáfiskur sem telst ekki til afla við strandveiðar og að hálfu til aflamarks skips.*

LS leggur til að eftirtöldu verði bætt við orðskýringar:

1. *Umframafli: Þegar afli fer umfram þau viðmiðunarmörk sem ákveðin hafa verið á grunni vísindalegrar ráðgjafar um nýtingu hlutaðeigandi nytjastofns og/eða þegar veiðar eru ekki í samræmi við aðrar ákvarðanir um hagkvæma nýtingu nytjastofna þ.m.t. markaðsaðstæður.*

Það er skoðun LS að ekki eigi að flokka umframafla undir skaðlegar veiðar.

2. *Vísindalegur grunnur?*

3. *Vísindalegu?*

## Um 8. gr. *Ákvörðun um nýtingu*

1. ml.: „Þegar stjórnvöld taka ákvörðun um nýtingu nytjastofna sjávar skal taka mið af bestu vísindalegu þekkingu til að tryggja líffræðilega fjölbreytni hafsins til framtíðar“.

LS telur nauðsynlegt er að útskýra nánar hvað fellur undir „bestu vísindalegu þekkingu“. Hvaða skilyrði þurfi að uppfylla, árangur sem þekkingin hefur skilað, o.s.frv.

Í skýringum við 8. gr. bls. 96 segir: *„Í greininni er því kveðið á um að sjálfbær nýting nytjastofna sjávar skuli ávallt byggð á hafrannsóknum og vísindalegri þekkingu á vistkerfum hafsins“.*
LS leggur áherslu á að *„byggð á hafrannsóknum“* verði nánar skýrt, þ.e.a. til þeirra teljist m.a. þekking og gögn frá sjómönnum sem eru á vettvangi allan ársins hring.

## Um 13. gr. *Viðmiðunarlína og veiðisvæði eftir tegund veiðarfæra*

Greininni er ætlað að koma í stað 5. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands L. 79/1997. LS leggst alfarið gegn þeim breytingum sem lagðar eru til.

- Meðal aðila sem fara með veiðiréttinn hefur ríkt sátt um orðalag 5. gr. og engar tillögur komið frá þeim um breytingar.
- LS ókunnugt um að Hafrannsóknastofnun hafi á grundvelli nýrra upplýsinga lagt til breytingar um að veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelgi Íslands yrðu ekki lengur bannaðar að undanskildum tilgreindum svæðum sem afmörkuð eru í 5. gr. laga 79/1997.
- Í þriðja lagi bendir LS á að málefnið hafi hvorki verið rætt í Stýrihóp um verndun hafsins né Samstarfsnefnd um bætta umgengni um auðlindir sjávar. Nefndirnar heyra undir matvælaráðherra og því hæg heimatökin að fjalla um málefnið á þeim vettvangi. Afar óheppileg staða gæti komið upp ef breytingartillögur yrðu að

lögum sem myndu vinna gegn t.d. væntanlegum niðurstöðum stýrihópsins eða umræðum í nefnd um bætta umgengni um auðlindir sjávar.

- Í fjórða lagi fór engin umræða fram á fundum Samráðsnefndar Auðlindarinnar okkar um að fyrirhugað væri að sameina lög um sjávarútveg í eitt frumvarp sem byggt væri á vinnu Auðlindarinnar okkar. Í því nefndastarfi var einvörðungu rætt um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða – 116/2006.

Röksemdir sem hér hafa verið tilgreindar sýna svo ekki verður um deilt að undirbúningur fyrir umræddum breytingum hefur ekki farið fram og eiga þær því ekki heima í frumvarpsdrögunum.

Í skýringum við 13. gr. segir: *„Lagt er til að felld verði brott að leyfi skuli bundið við tiltekin fjölda skipa þar sem eftirlit með slíku hefur reynst erfitt í framkvæmd.“* LS óskar eftir skýringum og dæmi er sanna fullyrðinguna.

LS vekur athygli á að greinin felur í sér að horfið verður frá lögfestum ákvæðum um lokuð svæði, takmörkunum veiða háðar stærð skipa og notkun einstakra veiðarfæra. Í stað þess verði stjórnað með reglugerðum og heimildum sem Fiskistofu eru veittar. Greinin veitir enga innsýn í efni þeirra reglugerða né innihald á heimildum Fiskistofu.

LS mótmælir harðlega þessum gríðarlegu breytingum og lýsir furðu sinni á vinnubrögðum hvað þær varðar.

Í greinargerð frvd., kafla 3.2.3 segir: *„Viðmið um tegund veiðarfæra í stað stærð skipa“* fram kemur að „Auðlindin okkar leggur til að horft verði frá því að miða við stærð skipa við stjórn fiskveiða og þess í stað verði miðað við tegundir veiðarfæra“.

Tillagan gerir ráð fyrir að fallið verði frá áratugalangri veiðistjórn þar sem stærri skip sækja á mið fjær landi (enda byggð til þess), en smábátar og smærri skip nýti miðin nær landi. Um þá stjórnun hefur ríkt mikil sátt.

LS fullyrðir að fyrirliggjandi stefna sem líklega verður rekin gegnum reglugerðir mun kalla á árekstra og ósætti á hefðbundnum veiðislóðum smærri skipa. LS hafnar tillögunni alfarið og leggur til að 5. gr. laga 79/1997 verði breytt í það horf sem hún var fyrir L. 47/2023 samþykkt 30. maí, þar sem aflvísir var meðal stjórntækja.

## Um 14. gr. *Skyndilokanir veiðisvæða*

Vakin er athygli á framkominni breytingu á skilgreiningu á *„skaðlegum veiðum“.*

## Um 15. gr. *Veiðar innan fiskveiðilögsögu Íslands*

Í skýringum við greinina (bls. 101) er sagt að ákvæðið er að hluta til efnislega samhljóða 1. gr. laga um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 22/1998. Við yfirlestur kemur hins vegar í ljós að fellt er út 1. ml. lokamálsgreinar 1. gr. sem orðast svo: *„Til fiskveiða og vinnslu sjávarafla um borð í skipum í fiskveiðilandhelgi Íslands má aðeins hafa íslensk skip og gildir það einnig um vinnslu sjávarafla skv. 2. málsl. 2. mgr.“*

Óskað er skýringa.

Um 16. gr. *Veiðar innan fiskveiðilögsögu Íslands*

2. mgr. greinarinnar orðast svo: *„Ráðherra er heimilt með reglugerð og að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnun að takmarka fiskveiðar til eigin neyslu á tilteknum svæðum ef vísbendingar eru um viðkvæma stöðu tiltekinna nytjastofna.“*

LS fer þess á leit að mgr. verði felld brott á grundvelli þess að engin dæmi eru um nokkrum fiskistofni eða lífveru í sjó hafi verið ógnað með veiðum með handfærum eða sjóstöng.

Um 17. gr. *Veiðileyfi fiskiskipa*

Í skýringum er skilgreint hvernig mæla skal brt. *„Brúttótonn skal mæla samkvæmt alþjóðareglum um mælingu skipa skv. ákvæðum skipalaga nr. 66/2021“*. LS óskar að upplýst verði hvort skilgreiningin hafi í för með sér breytingar frá núverandi mælingu.

Um 19. gr. *Veiðar og meðferð afla*

Óskað er skýringa á að ekki verður lengur heimilt að varpa fyrir borð verðlausum fiski sbr. 3. ml. 2. mgr. 2. gr. laga 57/1996.

LS bendir á að næst síðast ml. í skýringum með greininni á ekki við efni greinarinnar og í lokaml. á tilvitnun að vera 2. mgr.

Um 20. gr. *Skráning og skil aflaupplýsinga*

LS leggur áherslu á að ekki verði krafist annarra upplýsinga frá dagróðrabátum en fram kemur í 1. ml. greinarinnar – *„skulu senda aflaupplýsingar starfrænt til Fiskistofu áður en veiðiferð lýkur“.*

Um 23. gr. *Veiðarfæri*

1. mgr. orðast svo: *„Gerð og útbúnaður veiðarfæra skal vera þannig að veiðarfæri hafi sem minnst áhrif á stofnstærð tegunda, útbreiðslu og verndarstöðu vistgerða og vistkerfa og líffræðilega fjölbreytni í hafi“.*

LS fagnar því nýmæli sem kveðið er á um í málsgreininni og telur það gefa ákveðin tækifæri til jöfnunar hvað varðar áhrif veiðarfæra á stofnstærð tegunda. Í fylgiskjali umsagnar LS eru upplýsingar um óskráðan afla við veiðar með botnvörpu, þ.e. fiskur sem drepst þar sem hann smýgur undir grjóthoppara og skilar sér ekki inn í veiðarfærið. (Skaðsemi veiða með botnvörpu)

LS telur þar sem um nýmæli er að ræða varðandi ákvæði í lögum um sjávarútveg að frekari skýringa sé þörf á efni 1. mgr. T.d. hverjar séu viðmiðanir *„hafi sem minnst“*.

Um 30. gr. *Löndunarhafnir, löggiltir vigtarmenn og leyfi til vigtunar*

Um 31. gr. *Endurvigtun ísaðs afla*

LS leggur áherslu á að öll vigtun verði gerð á hafnarvog og endurvigtun aflögð.

Ísprósenta taki mið af árstíma, lengd róðra og tíma frá því fiskur var veiddur. Íshlutfall rúmist innan 4 - 12%.

Um 38. gr. *Frádráttur frá heildarafla*

LS mótmælir harðlega að fallið verði frá að skylt verði að halda eftir 5,3% af leyfilegum heildarafla til að tryggja strandveiðar, línuívilnun og aðrar byggðatengdar aðgerðir. Með samþykkt greinarinnar verða þeir hundruð aðila sem byggja atvinnu sína á þessum veiðiheimildum að reiða sig á geðþótta ráðherra hverju sinni, *„ráðherra er heimilt að draga frá ákveðið hlutfall í hverri tegund frá heildarafla hvers fiskveiðiárs*".

LS krefst þess að í stað „ráðherra er heimilt" komi *„ráðherra er skylt".*

Um 39. gr. *Útreikningur þorskígilda*

Vakin er athygli á óskýru orðalagi, þ.e. orðið „heildarverðmæti", heildaraflaverðmæti / útflutningsverðmæti? – *„Til grundvallar verðmætaútreikningi skal leggja heildaraflamagn og heildarverðmæti þessara tegunda samkvæmt upplýsingum Fiskistofu þar um."*

Um 40. gr. *Veiðireynsla og aflahlutdeild*

LS leggur til að 2. ml. orðist svo (viðbætur LS undirstrikaðar):
*„Hafi skip, sem reglulega hefur stundað veiðar úr stofni sem varanleg veiðireynsla er á, tafist frá veiðum í a.m.k. helming af samfelldum úthaldstíma vegna meiri háttar tjóns, bilana, eða veikinda skipstjóra dagróðrabáta sem jafnframt er eigandi bátsins skal við ákvörðun aflahlutdeildar á grundvelli veiðireynslu reikna skipinu afla á því tímabili sem frátafirnar verða."*

Breytingunni er ætlað að koma til móts við minni útgerðir.

Um 42. gr. *Forkaupsréttur sveitarfélaga*.

Í skýringum við greinina (bls. 114) kemur fram að lítið hafi reynt á ákvæðið í seinni tíð en rétt þykir að áfram verði kveðið á um forkaupsrétt sveitarfélaga í lögum.

Greinin er tilkomin til að gefa sveitarfélögum tækifæri á að koma í veg fyrir að aflaheimildir flytjist frá því. LS bendir á að orðalag greinarinnar er haldlaust þar sem sveitarfélög hafa ekkert að gera með skip án veiðiheimilda. Þannig að greinin nái tilgangi sínum þarf hún jafnframt að taka til aflahlutdeildar.

Um 43. gr. *Hámarksaflahlutdeild í einstökum tegundum og öllum tegundum*

Um 44. gr. *Viðbótaraflahlutdeild skráðra útgerða í dreifðu eignarhaldi*

LS leggur til að 1. ml. 43. gr. orðist svo (viðbætur LS undirstrikaðar): *„Aflahlutdeild útgerðaraðila, sbr. 45. gr., skal ekki nema hærra hlutfalli af heildaraflahlutdeild af úthlutuðu aflamarki eftirtalinna tegunda en hér segir"*

LS leggur til að eftirfarandi reglur gildi um hámarksaflahlutdeild:

- ekkert fyrirtæki eigi meir en 12% samanlagða aflahlutdeild í aflamarki og krókaaflamarki.
- hámarkseignarhlutur einstakra útgerða í krókaaflamarki verði lækkað til að tryggja dreifða eignaraðild og koma í veg fyrir samþjöppun veiðiheimilda.

Vakin er athygli á að bátum í krókaaflamarki, þar sem hlutdeild í þorski gefur hærra aflamark en eitt tonn, hefur fækkað um helming á sl. tíu árum. Voru 296 í upphafi fiskveiðiársins 2013/2014 en eru nú 147 talsins. Helstu ástæður þessarar þróunar er að heimilað var að stækka bátana úr 15 brt í 30 brt sem hafði þær afleiðingar að stórar og fjársterkar útgerðir komu inn í krókaaflamarkið. Þær hafa setið að nánast allri hlutdeild sem hefur losnað. Þá er það jafnframt ástæða fyrir samþjöppun að leigumarkaður hefur ekki virkað sem skildi, nánast vonlaust að fá aflamark fært til sín.
Það er íhugunarefni hvort stjórnvöld eigi ekki alfarið að sjá um miðlun á aflamarki þar sem tryggð verði jöfn dreifing heimilda.

Á yfirstandandi fiskveiðiári fengu alls 10 útgerðir úthlutað aflamarki í þorski yfir 1 000 tonn, en fyrir 10 árum var engin útgerð á þeim lista.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum mun samþjöppun halda áfram. Aukning hámarksaflahlutdeildar í eigu eins aðila um 25%, úr 12% í 15% með þeim afleiðingum að áhætta þjóðarinnar eykst þegar enn fleiri egg auðlindarinnar eru sett í sömu körfuna.

Til frekari áréttingar fyrir sjónarmiði LS er bent á 2., 3. og 4. mgr. í kafla 3.2.3.1.2. í greinargerð Frvd. (frumvarpsdrögin) *„Tilgangur lagaákvæða um hámarksaflahlutdeild“*:

Á hinn bóginn bentu aðrir á þá ókosti sem gætu fylgt samþjöppun aflahlutdeildar, einkum með hliðsjón af mikilvægi útgerðar fiskiskipa fyrir íslenskan þjóðarbúskap, eins og nánar er rakið í greinargerð með lögum nr. 27/1998. Áhyggjur voru af því að of sterk yfirráð fárra aðila yfir fiskveiðiauðlindinni þyddu að viðkomandi fengju mikil völd í þjóðfélaginu og staða þeirra sem ráða útgerðarfyrirtækjunum gæti orðið of sterk gagnvart stjórnvöldum, lánastofnunum og starfsfólki. Þeir sem væru fyrir í greininni gætu í raun ráðið hverjir kæmu nýir inn og gætu þannig komið í veg fyrir eðlilega samkeppni. Það stafaði m.a. af þeirri sérstöðu atvinnugreinarinnar að nauðsynlegt væri að takmarka aðgang að auðlindinni og því væri t.d. ekki hægt að veita nýjum skipum rétt til veiða án þess að annað sambærilegt skip hyrfi úr rekstri. Eina leiðin fyrir nýja aðila til að komast inn í atvinnugreinina væri því að kaupa út þá sem fyrir eru.

Þá kom fram í greinargerð með lögum nr. 27/1998 að fyrir utan það ójafnvægi sem mikil samþjöppun í útgerð gæti falið í sér, gæti hún „beinlínis reynst hættuleg fyrir þjóðina“, sérstaklega ef viðkomandi stæði sig ekki í því að skapa sem mest verðmæti úr auðlindinni. Þá leiddi mikil samþjöppun aflaheimilda til tilfærslu aflaheimilda milli byggða og gæti af þeim sökum leitt til röskunar. Jafnframt yrði tilflutningur milli útgerðarflokka oft til þess að minni útgerðir færu halloka. Það gæti haft þau áhrif að fjölbreytni í útgerð minnkaði og svigrúm yrði minna til að bregðast við breyttum aðstæðum.

Í ljósi ofangreindra sjónarmiða m.a. var það afstaða löggjafans að nauðsynlegt væri að setja afdráttarlaus mörk á hámarksaflahlutdeild í lög um stjórn fiskveiða, þótt samkeppnislög giltu einnig um sjávarútveg eftir því sem við á. Tilgangur ákvæðanna er m.a. að tryggja að einstakir útgerðaraðilar verði ekki svo öflugir að þeir geti, einir og sér eða í samstarfi við aðra, komið í veg fyrir að nýir aðilar komi inn í atvinnugreinina, eins og að framan er rakið.

Um 45. gr. *Útreikningur á aflahlutdeild útgerðaraðila. Tengdir aðilar*

LS telur fyrirhugaða breytingu verða til bóta og vekur jafnframt athygli á samþykkt aðalfundar félagsins:

- „skýra þurfi frekar hvað eru tengdir aðilar þegar kemur að kvótaeign einstakra fyrirtækja í sjávarútvegi og breyta því viðmiði sem nú er, til dæmis að nota sama viðmið og var notað við val á fólki í kjörstjórnir við síðustu kosningar.“

Um 50. gr. *Aflamark*

Þess er farið á leit að réttur til flutnings milli ára miðist við aflamark í lok fiskveiðiárs. Þannig fái skip sem flytur til sín aflamark rétt til flutnings milli ára sem ella væri áfram bundið við úthlutað aflamark þess sem lét frá sér heimildir.

Ný málsgrein sem verði 5. mgr. orðist svo: *„Hafi aflamark verið flutt milli skipa flyst heimild til breytinga skv. 4. mgr. frá skipi sem flutt er af til þess skips sem flutt er til.“*

Um 51. gr. *VS-afli*

Við upphaf grásleppuveiða getur það hent að óvenju mikið af þorski kemur í netin. Dæmi eru um að meira en helmingur aflans sé þorskur. Grásleppubátar sem ekki eru á neinum öðrum veiðum en grásleppu er fæstir með veiðiheimildir í þorski. Á undanförnum misserum hefur frost ríkt í leigu á þorski sem valdið hefur miklum vandræðum.

LS óskar eftir að við grásleppuveiðar verði heimilt að landa allt að 30% utan aflamarks.

Um 52. gr. *Flutningur aflamarks*

Óskað eftir breytingum á við 3. ml. lokamgr. Hann orðist svo (viðbætur LS undirstrikaðar): „Heimilt er Fiskistofu að víkja frá þessari takmörkun á heimild til flutnings á aflamarki vegna varanlegra breytinga á skipakosti útgerða eða þegar skip hverfur úr rekstri um lengri tíma vegna alvarlegra bilana eða sjótjóns *eða veikinda skipstjóra dagróðrabáta sem jafnframt er eigandi bátsins“*

Um 53. gr. *Krókaaflamark*

LS mótmælir þeirri fyrirætlun að fella burt úr lögum skilgreiningu á krókaaflamarki:

*„Krókaaflamark er óheimilt að nýta á annan hátt en við línu- og handfæraveiðar*“.

Jafnframt er óskað frekari skýringa á tilurð breytingarinnar en fram kemur í skýringum við greinina: *„Vegna mikillar framþróunar og hagkvæmni þá er lagt til að felld verði brott það skilyrði að krókaaflamarkið sé bundið við línu- og handfæraveiðar, enda er krókaaflamarkið bundið við ákveðna stærð báta. Sé unnt að nýta umhverfisvænni veiðarfæri en línu- og handfæri þá komi ákvæðið ekki í veg fyrir slíkt.“*

Það er mat LS að ákvæði 7 gr. gildandi laga hafi reynst vel og eigi því að vera óbreytt.

LS vekur athygli á 3. ml. *„Ráðherra er þó heimilt með reglugerð að veita krókabátum heimild til þess að stunda veiðar á botndýrum með þeim veiðarfærum sem til þarf að*

*fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunar“*. Ákvæðið er marklaust en þjónar þó tilgangi sínum er varðar brottnám á ákvæði um að krókaflamark skuli óheimilt að nýta á annan hátt en við línu- og handfæraveiðar.

## Um 55. gr. *Veiðiskylda og niðurfelling aflahlutdeildar*

2. mgr. orðast svo: *Tefjist skip frá veiðum í a.m.k. fjóra mánuði vegna tjóns, meiri háttar bilana eða endurbóta hefur aflai þess fiskveiðiárs ekki áhrif til niðurfellingar aflahlutdeildar samkvæmt þessari grein.“*

Ítrekað að tekið verði tillit til minni útgerða, þar verði miðað við þriðjung hefðbundins úthaldstíma.

## Um X. Kafla *Byggðakerfi*

Heiti kaflans verði

*„Aðgangur að auðlindinni og stuðningur við hinar dreifðu byggðir og minni útgerðir.*

## Um 57. gr. *Strandveiðar*

Aths. 1. mgr. (viðbætur LS undirstrikaðar)

1. ml. orðist svo: *„Strandveiðum er ætlað að efla atvinnulíf í sjávarbyggðum um land allt, auka aðgengi að sjávarauðlindinni, styðja við nýliðun, fjölga störfum við sjómennsku, auka framboð á ferskum fiski yfir sumarið, auka framboð á fiskmörkuðum, styrkja fiskvinnslur sem háðar eru hráefni frá fiskmörkuðum og viðhalda verkkunnáttu og þeim menningararfi sem felst í handfæraveiðum“.*

2. og 3. ml. falli niður. LS telur óþarft að leggja í kostnað og vinnu við að leggja mat á stöðu sjávarbyggð m.t.t. strandveiða, enda kemur ekki fram hver tilgangurinn er.

Aths. við 2. mgr.
Í stað *„Á hverju fiskveiðiári er ráðherra heimilt að ráðstafa hlutfalli af heildarafla í óslægðum botnfiski til strandveiða ...“*, verði upphaf málsgreinarinnar: *„Á hverju fiskveiðiári skal ráðherra ráðstafa hlutfalli af heildarafla í óslægðum botnfiski til strandveiða ...“*.

Aths. við 3. mgr.
Í stað síðari hluta 1. ml.: *„eða þar til leyfður heildarafli til strandveiða hefur verið veiddur“* komi nýr málsliður sem orðist svo: *„Ráðherra er heimilt að fækka veiðidögum um einn eða tvo innan hvers mánaðar og tryggja þannig jafnræði milli landshluta.“*

Það er krafa LS að strandveiðar verði heimilar í 12 veiðidaga innan hvers mánaðar.

Þar sem aflaheimildir til strandveiða hafa ekki fylgt vaxandi fiskgengd og fjölgun báta hafa strandveiðar verið stöðvaðar sl. fjögur ár. 2020 og 2021 upp úr miðjum ágúst, árið 2022 21. júlí og 2023 var lokadagur strandveiða 11. júlí.

Stefni í að veiðiheimildir til strandveiða nægi ekki til að tryggja veiðar í 12 veiðidaga innan hvers mánaðar, er óhjákvæmilegt að fækka dögum en á móti væri tryggt að veiðarnar standi yfir í jafnmarga daga í hverjum mánuði.

Aths. við 5. mgr. um skyldu Fiskistofu að stöðva strandveiðar. Krafa LS sbr. framangreint er að greinin falli brott.
Efni hennar stangast á við tillögu LS við 3. mgr. þar sem hún tryggir jafnræði milli landshluta með jafnmörgum veiðidögum innan hvers mánaðar, að lágmarki tíu.

## Um 59. gr. *Framkvæmd strandveiða*

Aths. við 2. tl. 1. mgr. 2. ml. LS gerir þá kröfu að auk rafknúinna skipa fái bátar með mesta ganghraða 8 sjómílur heimild til 16 klukkustunda veiðiferðar.

Í skýringum með greininni er hún sögð samhljóða 6. gr. a. laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006. Þegar rýnt er í „59. gr." á bls. 24 í frumvarpsdrögunum kemur í ljós að það er ekki rétt. Málsgreinar 9, 10 og 11 í 6. gr. a. hafa verið felldar út. Þegar greinin er skýrð á bls. 125 „Um 59. gr." er brottfallið skýrt á eftirfarandi hátt: „Lagt er til að felld verði brott heimild strandveiðiskipa til að landa ufsa í því magni sem ráðherra ákveður ár hvert án þess að sá afli teljist til hámarksafla".

LS mótmælir harðlega ákvörðuninni og krefst þess að reglur um ufsaafla við strandveiðar verði óbreyttar. Þá lýsir LS undrun á þeirri vanvirðingu á að ákvörðunin sé ekki skýrð og rökstudd.

Til rökstuðnings kröfu LS er vísað til að á síðustu þremur fiskveiðiárum námu samanlagðar heimildir í ufsa 273 526 tonn, afli á tímabilinu var hins vegar aðeins 161 500 tonn. 112 026 voru óveidd. Miðað við verð á óslægðum ufsa á tímabilinu er aflaverðmæti þessa 20,7 milljarðar sem liggur nærri 40 milljörðum í útflutningsverðmæti.

### Til áréttingar

Þar sem meginhluti strandveiðiaflans er boðinn upp á fiskmörkuðum hafa smærri fiskvinnslur átt kost á að verða sér út um fisk til vinnslu. Margar þeirra hafa ekki aðgang að veiðiheimildum og hafa þær því stólað á afla frá strandveiðum. Markaðsstarf þeirra er í mörgum tilfellum einskorðað við smá fyrirtæki sem greiða hátt verð. Þannig hafa orðið til verðmætir markaðir fyrir íslenskan þorsk sem veiddur er á handfæri yfir sumartímann.

Að takmarka aflaheimildir til strandveiða á undanförnum fjórum árum er glórulaus, ekki síst þar sem það liggur fyrir að strandveiðar hafa reynst fyrirferðamiklar í sjávarútvegsumræðunni og haldið aftur af óánægjuröddum sem beinast að stjórnkerfi fiskveiða.

Við ástundun strandveiða fær enginn neitt nema hann geri út, veiði sinn fisk og landi honum. Engar framseljanlegar heimildir. Afraksturinn sér viðkomandi í sölutölum fiskmarkaða sem hafa verið vel viðunandi. Það er mikil eftirspurn eftir fiski frá strandveiðibátum sem jafnan er seldur á hæsta verði hverju sinni.

Þrátt fyrir að 750 bátum hafi verið róið til strandveiða á sl. sumri og veiðiheimildir hafi aðeins dugað í 57% þess tíma sem strandveiðileyfið náði til, er það afar gagnrýnisvert að ekki sé lagt til í frumvarpsdrögunum að verða við vilja þjóðarinnar og leggja til auknar heimildir til strandveiða.

Um 61. gr. *Úthlutun aflamarks Byggðastofnunar*

Aths. við 2. mgr.

1. tl.
Það er krafa LS að aflamark Byggðastofnun verði einungis nýtt af dagróðrabátum minni en 30 brt. að hámarkslengd 15 metrar. 1. tl. greinarinnar orðist svo (viðbætur LS undirstrikaðar):
*„Byggðastofnun annast úthlutun aflamarks sem kemur í hlut einstakra sjávarbyggða á grundvelli samninga við fiskvinnslur og útgerðaraðila dagróðrabáta minni en 30 brt. að hámarkslengd 15 metrar í viðkomandi sjávarbyggð til allt að sex ára í senn.*

Með því að binda úthlutun við dagróðrabáta er tryggt að besta hráefni sem völ er á komi til vinnslu, sótspor verði í lágmarki og áhöfn sé búsett í viðkomandi sjávarbyggð.

4. tl.
*„Á grundvelli samnings skal Fiskistofa skrá aflamark á viðkomandi fiskiskip, enda séu skilyrði til úthlutunar uppfyllt“*. Það er skoðun LS að beita eigi sömu aðferð við skráningu aflamarks og gert er við línuívilnun. Aflamark fengið við löndun – löndunarívilnun. Aðferðin hefur reynst afar vel og tryggir að aflamarkið nýtist eingöngu með veiðum. Við úthlutun byggðakvóta með þessum hætti skal þess þó gætt að bátar í heimabyggð sem ekkert aflamark hafa skuli fá úthlutað ákveðnu lágmarksaflamarki.

Um 62. gr. *Innviðastuðningur*

LS vekur athygli á að með innviðaleið er lögð til ný aðferð við úthlutun aflaheimilda. LS leggur áherslu á að við upphaf hennar verði farið afar varlega og uppboð aflamarksins – sbr. 3. ml. 3. mgr., verði takmarkað við útgerðir *dagróðrabáta minni en 30 brt. að hámarkslengd 15 metrar.* Breytingin yrði til að styrkja útgerðir minni báta og hægja á fækkun þeirra. Aðgengi að fjármunum hjá minni útgerðum til kvótakaupa stenst engan samanburð við stærri útgerðir, hvað þá félög sem komin eru á markað. Jafnframt er komin hefð á að smærri fyrirtæki í útgerð nýti aflaheimildir sem fást við að 5,3% af úthlutuðu aflamarki hverrar tegundar.

Varðandi uppboðsaðferð bendir LS á leið sem farin hefur við úthlutun á 4 000 tonnum á makríl. Úthlutun takmarkast við smábáta. *Ákveðnu magni úthlutað í hvert skipti, rétt til framhaldsúthlutunar fá þeir sem veitt hafa 75% af fyrri úthlutun. Leigugjald er upphæð veiðigjalds á hverri tegund.* Sjá nánar reglugerð nr 725/2020.

Til vara leggur LS til að aflaheimildir sem fást við innviðastuðning verði nýttar með löndunarívilnun á sama hátt og LS leggur til í 4. tl. 61. gr. Fyrir þær verði greitt fast gjald.

Um 73. gr. **Veiðigjald** *Gjaldskylda*

Um 74. gr. *Gjaldstofn veiðigjalda*

LS vekur athygli á breytingu sem lögð er til og ekki er vakin athygli á í skýringum við greinina (bls. 130 og 131). Greinarnar sagðar samhljóða núgildandi 1. og 2. gr. núgildandi laga um veiðigjald 145/2018. Hafi það verið ætlunin verður að fella á brott undirstrikað úr 1. ml. 1. mgr. 73. gr.: *„Allir þeir sem fá úthlutað aflaheimildum samkvæmt lögum þessum, eða landa afla þar sem stjórn veiða fari fram með öðrum hætti en með úthlutun aflamarks, skulu greiða veiðigjald svo sem í lögum þessum greinir“.* Að öðrum kosti að semja nýjan skýringartexta við greinarnar, þannig að ekki leiki vafi á hvaða breytingar þær hafa í för með sér frá gildandi lagagreinum.

## Um XIII. kafla *Veiðigjald*

Þannig að hægt sé að gera sér grein fyrir hvað breytingar hafa í för með sér hvað varðar upphæð veiðigjalds telur LS nauðsynlegt að með frumvarpinu fylgi skrá sem sýni reiknað veiðigjald samkvæmt breytingum sem hér eru lagðar til á veiðigjaldaárunum 2022, 2023, og 2024.

Jafnframt að upplýst verði í skýringum með væntanlegu frumvarpi hvað tekjuskattur útgerðaraðila hefði hækkað ef veiðigjald og hefði ekki verið dregið frá tekjuskattsstofni á árinu 2022.

LS er sammála því sem fram kemur í skýrslu starfshóps „Auðlindarinnar okkar“ að veiðigjald skuli staðgreitt. Það er greiðist af aflaverðmæti. Gjaldið taki mið af verði fiskmarkaða í eftirtöldum tegundum:

- Þorskur
- Ýsa
- Ufsi
- Gullkarfi

Veiðigjald fyrir aðrar tegundir taki mið af útflutningsverði aðliggjandi mánaðar sem afla er landað.

Við álagningu veiðigjalds skal frítekjumark nema 40% hjá hverjum gjaldskyldum aðila þar sem aflaverðmæti er lægra en 400 milljónir.

Álag skal lagt á veiðigjald hjá útgerðum þar sem aflahlutdeild er umfram helming þeirra hámarkshlutdeildar sem heimiluð er.

Veiðigjald á tegundir sem ekki eru nýttar með veiðum skal greitt af útgerðaraðilum sem fengu þær úthlutaðar samkvæmt aflahlutdeild.

## Um 91. gr. *Verkefnasjóður sjávarútvegsins*

*„Hlutverk sjóðsins er að styðja við rannsóknir, nýsköpun og menntun á sviði sjávarútvegs og til eftirlits með fiskveiðum*“. Auk þessa telur LS að sjóðurinn eigi að styðja við markaðsstarf.

## Um 95. gr. *Svipting veiðileyfis vegna veiða umfram aflaheimildir*

Fá skýringu á hvort ákvæðið taki til strandveiða.

Um 103. gr. *Refsiábyrgð*

LS telur að skoða þurfi hvort hluti hluti 29. gr. *„Vigtun“* skuli vera undanþeginn ákvæði greinarinnar.

Um 108. gr. *Reglugerðarheimild*

LS vekur athygli á að láðst hefur tilgreina heimild 4. mgr. 38. gr. - tryggja tegundasamsetningu.

Virðingarfyllst



framkvæmdastjóri